

Minnisblað

Dagsetning útgáfu: 30.04.2025

Efni: Áhrif breikkunar útivistarstígs meðfram friðlýstri strandlengju við Kársnes á nærliggjandi umhverfi

Frá: Nicolas Marino Proietti, Umhverfisverkfræðingur, ReSource International ehf.

Lilja Þorsteinsdóttir, Verkefnastjóri, ReSource International ehf.

Til: Birkir Rútsson, Deildarstjóri gatnadeildar Kópavogsbær

Sveitarfélagið Kópavogur hyggst breikka núverandi göngu- og hjólastíg sem liggur meðfram friðlýstri strandlínu. Fyrirhugað er að stígurinn verði breikkaður um 2–3 metra til að aðgreina gangandi og hjólandi umferð. Ekki verður hróflað við núverandi grjóthleðslu en gert verður ráð fyrir bættri aðkomu fyrir gangandi að og frá fjörunni.

Gert er ráð fyrir verulegri aukningu í umferð með tilkomu nýrrar göngu- og hjólabrúar yfir Fossvog sem tengir Kársnes og Nauthólsvík.

Endurbætur á útivistarstígnum hafa það að markmiði að tryggja öryggi allra sem um hann fara auk þess að bæta aðgengi um strandlínu sunnanverðs Kársness.

Áhyggjur hafa komið fram meðal íbúa vegna hugsanlegra neikvæðra áhrifa framkvæmdarinnar á náttúru og lífríki. Því er lagt til að unnið verði óháð og hlutlaust mat á þessum áhrifum samhliða undirbúningi framkvæmdarinnar.

Jákvæð áhrif vegna endurbóta og breikkunar útivistarstígs

Aukið öryggi og aðgreining notenda

Aðskilnaður gangandi og hjólandi dregur úr líkum á árekstrum og bætir öryggi. Skapar þægilegra og öruggara umhverfi fyrir alla, þar á meðal börn, eldra fólk og fólk með skerta hreyfigetu. Markmið með endurbótum er að tryggja öryggi allra sem stíginn fara auk þess að bæta aðgengi um strandlínu sunnanverðs Kársness.

Bætt aðgengi að fjörunni

Auðveldari og öruggari aðgengi að fjörunni fyrir gangandi vegfarendur sem stuðlar að fjölbreyttari notkun og betri aðstöðu fyrir fjölskyldur og aðra notendahópa.



Meiri fjölbreytni í notendahópum og aðgengi fyrir fjölskyldur. Með þessu verður svæðið aðgengilegra fyrir börn, eldra fólk og einstaklinga með skerta hreyfigetu. Þetta styrkir félagslega þátttöku og eykur útivistarmöguleika fyrir fleiri íbúa og gesti.

Stuðningur við vistvænar samgöngur

Tenging við Fossvogsbrú mun styrkja vistvæna ferðamáta og draga úr bílaumferð á svæðinu. Brúin verður lykiltenging yfir í Kársnes, þar sem byggð er að þéttast og þörf fyrir góðar samgönguleiðir eykst. Með því að bæta innviði fyrir gangandi og hjólandi verður auðveldara fyrir íbúa og gesti að velja umhverfisvænni ferðamáta. Þetta stuðlar að bættum loftgæðum, minni mengun og eflingu sjálfbærs borgarskipulags.

Lýðheilsa og vellíðan

Bætt útivist stuðlar að bættri líkamlegri og andlegri heilsu. Tryggir öruggan og aðlaðandi vettvang fyrir hreyfingu og fríundir. Aukin umferð gangandi og hjólandi einstaklinga hefur bein og jákvæð áhrif á loftgæði og minnkar kolefnisspor samfélagsins. Með því að efla innviði fyrir vistvænar samgöngur, eins og breikkun og bætingu göngu- og hjólastíga, skapast raunverulegur hvati fyrir fólk til að velja umhverfisvænari samgöngumáta í stað bíla.

Loftgæði

- Göngufólk og hjólréiðafólk framleiðir enga staðbundna mengun og dregur þannig úr útblæstri svífryks og köfnunarefnisdíoxíðs (NO₂), sem eru meginmengandi efni í þéttbýli.
- Minni bílaumferð skilar sér í betra andrúmslofti, sérstaklega á svæðum sem liggja að vinsælum útivistarsvæðum og íbúðahverfum.

Minna kolefnisspor

- Samkvæmt rannsóknnum getur einstaklingur sem ferðast daglega með reiðhjóli í stað einkabíls minnkað árlegt kolefnisspor verulega.
- Þegar fleiri velja að ganga eða hjóla, safnast saman markverður árangur á samfélagslegum skala í átt að kolefnishlutleysi og loftslagsmarkmiðum.

Samfélagslegur ávinningur

- Bætt loftgæði og minnkun gróðurhúsalofttegunda stuðlar að betri lýðheilsu og dregur úr kostnaði samfélagsins vegna mengunartengdra heilsufarsvandamála.
- Vistvænar samgöngur styðja við heilsueflingu, skila auknum lífsgæðum og skapa öruggari og hreinna nærumhverfi.

Áskoranir

Áhrif á náttúru og dýralíf á framkvæmdartíma

Truflun á fuglalífi og viðkvæm vistkerfi.

Við framkvæmd breikkunar útivistarstígsins er hætt á að fuglalíf verði fyrir truflun, sérstaklega þar sem svæðið liggur við friðlýsta strandlengju. Fuglar eru viðkvæmir fyrir hávaða, nærveru fólks og umferðar. Þetta getur haft áhrif á varp, fæðuöflun og búsvæði þeirra. Sérstaklega þarf að horfa til varptímabils.

Tímasetning framkvæmda á svæðinu þarf því að samræmast náttúrulegri hringrás lífríkis á svæðinu, sérstaklega tímabilum sem eru viðkvæm fyrir truflunum, sem dæmi varptíma fugla.

Álag á gróður og rask á búsvæðum fugla og smádýra

Huga þarf að umhverfisáhrifum sem fylgir framkvæmdum og aukinni umferð. Skemmdir á gróðri geta orðið bæði beint með vélum og tækjum, og óbeint með átroðningi. Þegar gróður þynnist eða eyðist, eykst hætt á rofi og búsvæði dýra – sérstaklega smádýra og fugla sem treysta á gróður til skjóls eða fæðu. Viðkvæm vistkerfi í fjörunni og nálægum svæðum geta því raskast. Gæta þarf skipulags vegna aðkomu tækjabúnaðar, aðfanga og starfsfólks sem komast þurfa að svæðinu á framkvæmdartíma.

Áhrif eftir að framkvæmdartíma lýkur

Þegar framkvæmdum lýkur getur aukin umferð vegfarenda haft áframhaldandi áhrif á náttúru og lífríki. Mikilvægt er að huga að því hvernig innviðir, stýring og fræðsla geta dregið úr álagi og stuðlað að sjálfbærri notkun svæðisins til framtíðar.

Truflun á ró og náttúruupplifun

Þegar útivistarsvæði verða aðgengilegri og fjölsóttari eykst umferð vegfarenda jafnt og þétt. Þetta getur dregið úr þeirri kyrrð og einangrun sem margir leita eftir í náttúrulegu umhverfi. Samhliða þessu eykst einnig hávaði og það getur haft áhrif á bæði upplifun fólks og hegðun dýra.

Að auki getur lýsing við stígin, sem hugsuð er til öryggis eða til að lengja notkunartíma hans, haft áhrif á svæðið. Slík truflun getur spilt bæði upplifun gesta sem sækjast eftir nálægð við ósnortna náttúru, og jafnframt haft áhrif á dýralíf.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum aukinnar umferðar er mikilvægt að huga að vandaðri og hóflegri lýsingu sem truflar ekki náttúrulegt andrúmsloft svæðisins. Þá ætti að setja upp skýrar merkingar og fræðsluskilti sem hvetja vegfarendur til að sýna náttúrunni virðingu og fylgja merktum gönguleiðum. Bæta má áningarstaði og stækka og koma fyrir upplýsinga/fræðsluskiltum um t.d. sögu, náttúru og dýralíf. Einnig má beita hraðahindrandi aðgerðum á hjólahluta stígsins, svo sem með mjúkum beygjum (hlykkjum), yfirborðsmerkingum og viðeigandi skiltum til að stuðla að öryggi og skynsamlegri notkun.

Sjónræn áhrif

Breikkun stígsins getur haft áhrif á ásýnd svæðisins og aukið manngert yfirbragð við strandlengjuna. Slíkar breytingar geta dregið úr upplifun af ósnortnu og náttúrulegu umhverfi, sérstaklega ef hönnun og efnisval eru ekki í samræmi við landslagið. Huga skal að notkun náttúrulegs efniviðs og hlífa gróðri. Hins vegar er útivistarstígurinn nú þegar til staðar, þannig að breytingarnar verða að mestu innan núverandi umgjörðar og sjónræn áhrif því takmörkuð.

Mengun vegna úrgangs og aukins álags

Aukin umferð getur leitt til meira átroðnings og mengunar, þar sem úrgangur og slit á landi og gróðri eykst með notkun. Til að draga úr þessum áhrifum er mikilvægt að koma upp úrgangslátum á lykilstöðum, afmarka leiðir með náttúrulegum hindrunum, Vernda gróður með girðingum eða náttúrulegum hindrunum og veita gestum fræðslu um ábyrgð í umgengni. Slíkar mótvægisáðgerðir geta stuðlað að hreinu og sjálfbæru útivistarsvæði til framtíðar.

Viðkvæm staðsetning vegna hækkandi sjávarfirborðs

Stígurinn liggur við viðkvæmt friðlýst strandsvæði þar sem hækkandi sjávarborð gæti haft áhrif á framtíðarstöðu og hönnun hans. Því þarf mögulega að huga að aðlögunarhæfni framkvæmdarinnar með tilliti til mögulegra loftslagsbreytinga.

Samantekt

Til að lágmarka áhrif framkvæmdarinnar er lagt til að beita snjöllum og vistvænum lausnum, s.s. að skipuleggja vel viðkvæm svæði, draga úr umferðarhraða hjólandi vegfarenda, nota náttúruleg efni og ramma inn stígin með gróðurvernd. Einnig er mikilvægt að fræða gesti um ábyrgð í umgengni, stýra aðgengi að fjörusvæðum og endurheimta gróður ef rask verður. Ráðlagt er að hanna stígin miðað við fyrri framkvæmd og tryggja reglubundna vöktun á áhrifum framkvæmdarinnar.

Bestu kveðjur,

Nicolas Marino Proietti
ReSource International ehf.

Unhverfisverkfræðingur

+354 571 5864

nicolas@resource.is